

Almenn lýsings íslenskra ríkisvixla



Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með lántökur ríkissjóðs, útgáfu og sölu ríkisverðbréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð. Ráðuneytið hefur með heimild í lögum falið Seðlabanka Íslands að annast framkvæmd umræddra verkefna, skv. samningi milli fjármála- og efnahagsráðuneytis og Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs dags. 29. janúar 2019. Framkvæmd lánamála skal byggð á útgefinni stefnumörkun fjármála- og efnahagsráðuneytisins í lánamálum, í samræmi við fjárlög hverju sinni. Deild Lánamála ríkisins innan Seðlabanka Íslands gefa út ríkisverðbréf f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins í nafni Endurlána ríkissjóðs fyrir reikning og á áhættu ríkissjóðs.

1. Almenn

1.1. Íslenskir ríkisvixlar eru gefnir út í íslenskum krónum (ISK) og eru í upphafi við útgáfu til allt að tólf mánaða frá útgáfudegi (til gjalddaga). Nafnverðseining ríkisvixla er ein íslensk króna, þ.e. nafnverð og fjöldi eininga er það sama.

1.2. Íslenskir ríkisvixlar bera ekki vexti og eru gefnir út án verðtryggingar.

1.3. Seðlabankanum er hvenær sem er heimilt að auka við útgáfumagn ríkisvixils.

1.4. Seðlabankinn f.h. ríkissjóðs annast greiðslu á íslenskum ríkisvixli á gjalddaga. Á gjalddaga greiðir útgefandi nafnvirði ríkisvixils nema annað sé sérstaklega ákveðið við útgáfu viðkomandi ríkisvixils.

2. Útgefandi. Lögsaga og varnarþing

2.1. Útgefandi íslenskra ríkisvixla er Endurlán ríkissjóðs, kt. 471283-0459, fyrir hönd ríkissjóðs Íslands. Deild Lánamála ríkisins hjá Seðlabanka Íslands annast framkvæmd útgáfunnar í nafni Endurlána ríkissjóðs.

2.2. Starfsemi útgefanda byggist á lögum um lánasýslu ríkisins nr. 43/1990, með síðari breytingum, sbr. samning milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Seðlabanka frá 29. janúar 2019.

2.3. Tilgangur ríkisvixlaútgáfu er að afla ríkissjóði innlends lánsfjár.

2.4. Um íslenska ríkisvixla fer eftir íslenskum lögum sem í gildi eru hverju sinni.

2.5. Rísi mál út af íslenskum ríkisvixlum eða ágreiningur um túlkun lýsingar þessarar má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga um einkamál nr. 91/1991

3. Sala íslenskra ríkisvixla

3.1. Íslenskir ríkisvixlar eru seldir með útboðsfyrirkomulagi eða annarri aðferð sem ákveðin er af Seðlabankanum.

3.2. Seðlabankinn, sem umsýslubanki ríkissjóðs annast sölu ríkisvixla í nafni útgefanda.

3.3. Almenna skilmála um útboðsfyrirkomulag ríkisvixla má finna í fylgiskjali 1.

4. Skráning í kauphöll og uppgjör

4.1. Íslenskir ríkisvixlar eru skráðir í kauphöll. Ríkisvixlar eru auðkenndir í kauphöll með RIKV ásamt númeri sem tiltekur gjalddaga viðkomandi vixils á forminu RIKV áá mmdd.

4.2. Að jafnaði skal uppgjör ríkisvixils að loknu útboði fara fram tveimur bankadögum eftir útboðsdag. Útgefandi getur ákveðið annað fyrirkomulag uppgjors fyrir útboðsdag. Bankadagur er dagur þar sem bæði fjármálafyrirtæki og verðbréfamiðstöðvar eru opnar á Íslandi.

4.3. Réttindi handhafa til greiðslu skv. ríkisvixli miðast við skráningu á réttindadegi. Réttindadagur er einum bankadegi fyrir greiðsludag höfuðstóls og ákvarðast af eigendaskráningu hjá verðbréfamiðstöð í lok dags.

5. Verðlagning

5.1. Vextir á ríkisvixlum eru reiknaðir í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$r_f = \frac{360}{d} * \left(\frac{N}{P} - 1 \right)$$

r_f = flatir vextir

d = dagar til gjalddaga

N = 100 (verð á gjalddaga)

P = kaupverð vixils

Verðútreikningur vixla er reiknaður í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$P = \frac{N}{\left(1 + \left(r_f * \frac{d}{360} \right) \right)}$$

5.2. Dagaregla við útreikning á virði bréfs er miðuð við raundagar/360 (e. actual/360), og er ICMA aðferð notuð til útreiknings. Við útreikning á afleiddu uppgjorsverði (e. dirty price) út frá hreinu verði (e. clean price) munu sex aukastafir verða notaðir.

6. Skráning í verðbréfamiðstöð

6.1. Ríkisvixlar eru rafrænt skráðir í verðbréfamiðstöð. Þeim er úthlutað ISIN-númeri í samræmi við alþjóðleg viðmið (e. International Securities Identification Numbering System). Ríkisvixlar eru ekki gefnir út í pappírformi.

6.2. Einungis er heimilt að framselja ríkisvixla til nafngreinds aðila í verðbréfamiðstöð. Skal kenntala fylgja nafni. Reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa nr. 131/1997, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal á ríkisvixlum. Eignarskráning rafréfa hjá verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eigenda þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með ríkisvixlana.

7. Tilkygningar

7.1. Fyrirhugaðar útgáfur ríkisvixla, aukning á fyrri útgáfu og niðurstöður útboða eru tilkynntar með

opinberum hætti og á heimasíðu Lánamála ríkisins www.lanamal.is

8. Fyrning

8.1. Um fyrningu krafna samkvæmt ríkisvígslum fer að lögum um fyrningu kröfuféttinda nr. 150/2007.

9. Óviðráðanleg ytri atvik (e. Force Majeure)

9.1. Stjórnvöld á Íslandi og Seðlabanki Íslands verða ekki ábyrg fyrir tjóni eða tapi vegna tafa á greiðslu á gjalddaga vegna atvika sem þeim verður ekki kennt um svo sem vegna stríðs, óeirða, hryðjuverka, skemmdarverka, rafmagnsleysis, fjarskiptabilunar, kerfisgalla, náttúruhamfara eða annars atburðar sem að íslenskum lögum yrði túlkaður sama eðlis. Með sama hætti verða stjórnvöld á Íslandi og Seðlabanki Íslands ekki ábyrg fyrir tjóni sem leiðir af töfum á greiðslu höfuðstóls vegna verkfalla, verkbanna, viðskiptabanns, hafnarbanns eða herkvíar, þrátt fyrir að stjórnvöld á Íslandi séu sjálf aðili að átökunum og einnig þótt atvikin eigi aðeins við um hluta af starfssemi stjórnvalda.

10. Breytingar á almennri lýsingu íslenskra ríkisvígsla

10.1. Lýsingu þessari má breyta einhliða af Seðlabanka Íslands. Skulu breytingarnar ná til ríkisvígsla sem gefnir eru út eftir að breytingin hefur verið birt. Gildandi lýsingu má hverju sinni finna á www.lanamal.is.

10.2. Seðlabanki Íslands getur fyrirvaralaust ákveðið að útgáfa ríkisvígsla og skráning þeirra í verðbréfamíðstöð og kauphöll muni fara fram með öðrum hætti en lýst er í þessari almennu lýsingu.

11. Undanþága frá gerð útgáfulýsingar og takmarkanir á sölu ríkisvígsla

11.1. Ríkisvígslar eru undanþegnir ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, er varða útboð og töku verðbréfa til víðskipta, sbr. VI. kafla laganna, þar á meðal ákvæðum um gerð lýsinga.

11.2. Ríkisvígslar hafa ekki og verða ekki skráðir skv. bandarískum lögum um verðbréfavíðskipti (e. United States Securities Act of 1933), né öðrum lögum um verðbréfavíðskipti í öðru fylki eða lögsögu innan Bandaríkja Norður Ameríku. Samkvæmt þessu er óheimilt að bjóða, selja, endurselja veðsetja eða framselja á annan hátt íslenska ríkisvígsla innan Bandaríkja Norður Ameríku, nema (A) (i) til einstaklinga sem telst vera hæfur stofnanakaupandi (e. Qualified Institutional Buyer, eins og hugtakið er skilgreint í „Rule 144A“ í bandarísku verðbréfavíðskiptalögum), sem kaupir á eigin vegum eða vegna eins eða fleiri hæfra

stofnanakaupanda í víðskiptum sem uppfylla skilyrði í „Rule 144A“; (ii) í víðskiptum utan landamæra Bandaríkja Norður Ameríku í samræmi við skilyrði reglu 903 eða 904 í reglugerð S (Rule 903 or 904 of Regulation S) í bandarísku verðbréfavíðskiptalögum (iii) í samræmi við undanþágu frá skráningu samkvæmt reglu 144 (e. Rule 144), ef hún á við, í bandarísku verðbréfavíðskiptalögum (iv) í samræmi við einhverja aðra undanþágu frá skilyrðum skráningar samkvæmt bandarísku verðbréfavíðskiptalögum, eða (v) í samræmi við gilda skráningaryfirlýsingu samkvæmt bandarísku verðbréfavíðskiptalöggjöfni; og (B) í samræmi við gildandi lög um verðbréf í Bandaríkjum Norður Ameríku og annarra lögsagna.

11.3. Ríkisvígsla má hvorki kaupa fyrir reikning aðila sem búsettir eru eða eru með skráða búsetu í lögsögu þar sem slík víðskipti væru ólögleg né framselja til aðila sem búsettur er eða með skráða búsetu í lögsögu þar sem slíkt framsal væri ólöglegt.

12. Aðrar upplýsingar

12.1. Skattaleg meðferð kaupa, vörslu eða sölu á íslenskum ríkisvígslum er að öllu leyti á ábyrgð kaupanda/vörsluaðila/seljanda. Seðlabanki Íslands ráðleggur kaupendum, vörsluaðilum og seljendum íslenskra ríkisvígsla að leita ráða hjá eigin skattaráðgjöfum með tilliti til íslenskra skattalaga eða vegna annarrar skattalegrar meðferðar vegna kaupa, vörslu eða sölu íslenskra ríkisvígsla.

12.2. Um skattalega meðferð ríkisvígslanna fer að skattalögum hverju sinni á Íslandi.

12.3. Löggiltur endurskoðandi útgefanda er Ríkisendurskoðun, kt. 540269-1819, til heimilis að Bríetartúni 7, 105 Reykjavík, netfang: postur@rikisend.is

12.4. Lýsing þessi er þýdd á ensku. Ef misræmi er á ensku og íslensku á almennu lýsingu þessari þá gildir sú íslenska.

12.5. Ríkisvígslar eru stimpilgjaldsfrjálsir sbr. 3. gr. laga um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs nr. 79/1983